

# Nú er komið að þér, íbúi góður

Lýðræðisnefnd hefur lokið við drög að lýðræðisstefnu Mosfellsbæjar og birt íbúum á [www.mos.is](http://www.mos.is). Í þessum drögum er ekkert sem eykur íbúalýðræði og því ákaflega mikilvægt að íbúar segi skoðun sína.

Látið ekki glepjast! Það sem nefnt er „þátttökulýðræði“ er ekki lýðræði, í því fellst ekki að íbúar fái meiri völd og í því fellst engin breyting frá núverandi umhverfi.

Landsmálaflokkarnir sem eru í bæjarstjórn Mosfellsbæjar hafa engan áhuga á að íbúar í Mosfellsbæ búi við meira lýðræði en svo að kjósa á milli flokka á 4 ára fresti.

Íbúalýðræði hefur tvíþáttan tilgang. Að hvetja til betri stjórnsýslu og minni spillingar og gefa íbúum tækifæri til þess að grípa í taumana ef með þarf.

Reynsla undanfarinna áratuga af stjórnáttum bæði hérlendis og erlendis segir okkur að það litla aðhald sem þetta veitir stjórnsýslunni, stjórnáttamönnum og stjórnáttaflokkum nægir engan veginn og hefur reynst okkur dýrt.

Íbúahreyfingin hefur sett upp sérstakan vef: <http://ibuahreyfingin.is/lydraedi> þar sem íbúum Mosfellsbæjar gefst tækifæri á að segja álit sitt á einstökum liðum. Þá hafa bæjaryfirvöld einnig opnað fyrir athugasemdir hér: <http://www.mos.is/Stjornsysla/Lydraedi/Ibualydraedi/Lydraedisstefna/Drogadlydraedisstefnu/>

**Láttu þína skoðun í ljós, viltu óbreytt ástand eða viltu aukið lýðræði?**

## Lýðræðisstefna Lýðræðisnefndar boðar engar breytingar á íbúalýðræði

Í kjölfar hrunsins og rannsóknarskýrslu Alþingis er fullkomlega ljóst að stjórnvöld þurfa aðhald. Öll framboð fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar í Mosfellsbæ boðuðu aukið íbúalýðræði. Þær yfirlýsingar koma alls ekki fram í lýðræðisstefnu Lýðræðisnefndar, þar eru engar breytingar boðaðar í átt að auknu íbúalýðræði.

Í lýðræðisstefnunni er vísað til sveitarstjórnarlaga um íbúakosningar. Í gildandi lögum er sveitarstjórn einráð um íbúakosningu og hvort kosningin sé bindandi eða ekki. Í lagafrumvarpi sem ekki hefur verið samþykkt eru settar óeðlilegar hömlur á um hvað „megi“ kjósa. Þrátt fyrir að í stefnunni sé ákvæði um að íbúar geti farið fram á kosningar verður enn á valdi bæjarstjórnar að ákveða hvort niðurstaða íbúakosninga sé bindandi. Að bæjarstjórnin sé eftir sem áður með lokaorðið er með öllu óásættanlegt.

Í tillögum stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá er lagt til að 10% kosningabærra manna geti krafist bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu um hvaða málefni sem er. Sambærilegt ákvæði þarf að vera í lýðræðisstefnu Mosfellsbæjar. Íbúahreyfingunni tókst ekki að koma slíku ákvæði inn vegna andstöðu annarra framboða.

Nú er það undir íbúum komið að þrýsta á um að fá

slík ákvæði inn í lýðræðisstefnu bæjarins og tryggja sveitarstjórninni og sveitarfélaginu nauðsynlegt aðhald.

Íbúalýðræði er þverpólískt mál. Lítil minnihluti telur sig hafa hag af aðhaldslausu valdi og frelsi til að ráðstafa tekjum bæjarins án afskipta íbúanna. Sá hópur vill engar breytingar. Meirihluti íbúa vill ákvæði sem gerir þeim kleift að grípa í taumana þegar svo býður við.

Hvað hefði gerst í Icesave málinu ef málskotsrétturinn hefði ekki verið til?

Íbúar Mosfellsbæjar hafa engan málsskotsrétt, en ef svo væri er ég viss um að hann hefði verið notaður á síðasta kjörtímabili þegar bæjarráð setti sveitarfélagið í sjálfskuldarabyrgð fyrir einkafyrirtæki upp á kvartmilljarð króna. Einnig á núverandi kjörtímabili t.d. þegar meirihlutinn neitar að rifta samningi um golfskála upp á hundruð milljóna sem ljóst er að verður ekki byggður.

Líklegar væri að þessi mál og önnur hefðu ekki komið upp eða fengið aðra afgreiðslu hefðu íbúar fengið réttar upplýsingar og átt rétt á því að krefjast kosninga um málið.


**Segðu þitt álit á <http://ibuahreyfingin.is/lydraedi>**

# Af starfsemi Íbúahreyfingarinnar

Íbúahreyfingin í Mosfellsbæ hefur ekki setið með hendur í skauti fyrsta ár kjörtímabilsins, hún hefur beitt sér í nær öllum málum.

Fljótlega eftir kosningar þurfum við að beita okkur vegna misbeitingar valds. Sjálfstæðisflokkur og VG höfðu sent út pólitískan áróður í nafni Mosfellsbæjar. Í yfirlýsingu sem enn má sjá á [www.mos.is](http://www.mos.is) er Mosfellsbær látinn túlka niðurstöðu kosninga með orðunum „**Niðurstöður kosninganna eru skýr skilaboð um ánægju íbúa**“. Hér er graf sem sýnir niðurstöður síðustu tveggja sveitarstjórnarkosninga í Mosfellsbæ, skilaboðin eru skýr. Mosfellingar eru alls ekki ánægðir:

Skilaboð kjósenda Mosfellsbæjar í kosningum 2010



M-listi fékk nær 9% atkvæða, auð og ógild atkvæði tvöfölduðust, og um þriðjungi fleiri kjósendur mættu ekki á kjörstað. Sjálfstæðisflokkurinn tapaði nærri 5% fylgi og VG um 2%. Fólk þarf svo að athuga hvort það vilji áróður af þessum toga frá

sínum flokki. Eitt er þó ljóst, Íbúahreyfingin situr ekki hjá þegar misbeiting valds er annars vegar og stjórnsýslan er notuð til að ljúga að íbúum.

## Önnur mál sem Íbúahreyfingin hefur beitt sér fyrir:

**Hljóðritun og birting á fundum bæjarstjórnar:** Fyrst neitaði forseti bæjarstjórnar að leyfa hljóðritanir. Síðan var miklum kostnaði borið við en eftir að Íbúahreyfingin sýndi fram á lausn sem kostaði 3% af þeirri upphæð var byrjað að taka fundina upp. Hljóðritanirnar eru hins vegar hvergi heyranlegar á vef Mosfellsbæjar.

Hvers vegna vilja hinir flokkarnir ekki að íbúar geti hlustað á opna bæjarstjórnarfundi? Í mörgum sveitarfélögum er bæjarstjórnarfundum útvarpað, jafnvel sjónvarpað.

**Gagnsæi fundargerða:** Það skortir mjög mikið á að fundargerðir bæjarfélagsins gagnist bæjarbúum. Í mörgum tilfellum er beinlínis komið í veg fyrir að ljóst sé hvaða málefni voru til umræðu og engin merki eru um þær umræður sem fram fara á fundunum. Dæmi um vísitandi villandi nöfn á dagskrárlíðum eru óteljandi og kerfisbundin. Eina ástæðan virðist vera að villa um fyrir bæjarbúum.

**Niðurfelldar kröfur lögaðila:** Íbúahreyfingin hefur beðið í 6 mánuði eftir rökstuðningi fyrir því að listinn yfir þessa aðila sé ekki birtur. Nú biðum við ekki lengur listann má sjá hér að neðan.

Auk þess var afskrifað hjá 29 einstaklingum samtals 935.402 kr. Þar af 485.189 vegna hitaveitu að tillögu OR, 214.992 vegna leikskólagjalda, 177.790 vegna mótuneytis/frístundar grunnskóla, 28.125 vegna hundaeftirlitsgjalds. Svo eitthvað sé nefnd.

**Upplýsingaveita til íbúa:** Við reynum vitaskuld að draga fram í dagsljósið upplýsingar sem bæjarbúar eiga fullan rétt á að vita en haldið er frá þeim með ýmsu móti. Það gengur seint. Oft tekur mánuði að fá upplýsingar sem bæjarfulltrúi á rétt á. Það tók til

kt lögaðila	nafn	pnr	afskrifað	vegna	ást.
440305-0320	BÞ ehf	101	117.990	Leiga á jólahúsi	08 Lögannað
650504-3480	SH Smíðar	101	54.780	Yfirferð raflagnateikninga	09 Lögbygg
590505-0800	Pallar ehf.	104	7.846	Afgreiðslugjald byggingaleyfis	08 Lögbygg
450905-0380	September ehf.	270	6.700	Afgreiðslugjald byggingaleyfis	09 Lögbygg
430206-0440	Fasteignafélagið Bruma ehf	105	4.862	Afgreiðslugjald byggingaleyfis	08 Lögbygg
440786-1389	VSS ehf / Klæðning ehf	108	64.285	Stöðuleyfi gáma og smáhýsa	Lögbygg
700806-1110	Heildareign	108	12.826	Afgreiðslugjald byggingaleyfis	09 Lögbygg
520307-0440	Fjárfestingarfélagið Hagur ehf	110	29.172	Byggingagjöld - raflagnateiknir	Lögbygg
690808-0720	Pizzabakarí	101	64.000	Heilbrigðiseftirlitsgjald	09 Lögheil
500205-1560	Rétt - Afl ehf.	104	25.000	Heilbrigðiseftirlitsgjald	09 -10 Lögheil/heil
630108-1360	Lákaveitingar ehf	260	119.000	Heilbrigðiseftirlitsgjald	09 -10 Lögheil
520307-0440	Fjárfestingarfélagið Hagur ehf	110	273.978	Fasteignagjöld -	lögveð tapað v/uppboðs Lögfast
691282-0829	Frjálsi fjárfestingarbankinn hf	801	803.387	Fasteignagjöld	lögveð tapað v/uppboðs - rangskráð
630799-2529	HRH Mótorsport	222	87.779	Fasteignagjöld	lögveð tapað v/uppboðs Lögfast
620206-0830	Kjörverk ehf		6.565	Hitaveita	Tillaga OR að afskrift
420765-0299	Plastprent hf		27.545	Hitaveita	Tillaga OR að afskrift
650504-3480	SH Smíðar ehf		45.569	Hitaveita	Tillaga OR að afskrift
500205-1560	Rétt - Afl ehf		27.214	Hitaveita	Tillaga OR að afskrift
500102-3220	Tannlæknastofa Guðj S Valgeirs ehf samt.		21.066	Hitaveita	Tillaga OR að afskrift
			1.799.564		

að mynda 4 mánuði að fá upplýsingar um laun og hlunnindi bæjarstjóra og það varð hreinlega allt vitlaust þegar við báðum um upplýsingar um laun og hlunnindi æðstu embættismanna.

**Sjálfskuldarábyrgð fyrir einkafyrirtæki:** Á síðasta kjörtímabili skrifaði bæjarráð undir ólöglega sjálfskuldarábyrgð Mosfellsbæjar fyrir einkafyrirtæki upp á kvartmilljarð. Við erum ekki í neinum vafa um að bæjarráðsmenn vissu að þetta væri ólöglegt og fórum því fram á að þeir segðu allir af sér. Innanríkisráðuneytið hefur tekið málið til nánari athugunar á grundvelli 1. mlg. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

**Gagnsæi:** Íbúahreyfingin hefur beitt sér fyrir gagnsæi allstaðar þar sem hægt er, í nefndum bæjarins, bæjarstjórn, bæjarráði, þingi Sambands Íslenskra Sveitarfélaga (en þar var Íbúahreyfingin ein með með mál fyrir þingið). Gömlu flokkarnir skipta á milli sín stjórnarsætum hjá sambandinu og þeir vilja engar breytingar í átt að auknu gagnsæi eða íbúalýðræði, fólk getur haft sína skoðun á því, en okkar skoðun er sú að þeir sem vilja leyna einhverju hafi einhverju að leyna og að ógagnsæi sé gróðrarstía spillingar.

**Opinn hugbúnaður:** Þá hefur Íbúahreyfingin ítrekað bent á að með innleiðingu opins hugbúnaðs megi spara tugi milljóna á ári og minnkað niðurskurð sem því nemur, en meirihlutinn hefur greinilega meiri áhuga á niðurskurði á þjónustu.

**Atvinna:** Íbúahreyfingin hefur komið með nokkrar atvinnuskapandi tillögur s.s. sleppitjörn, vatnaskiðabraut o.fl. sem geta aukið tekjur sveitarfélagsins.

### Meginmál gagnsæisýfirlýsingar Íbúahreyfingarinnar:

- Öll gögn í umsjón sveitarfélagsins, stofnanna þess, og fyrirtækja í eigu þess, að hluta eða öllu leiti skulu vera opin og aðgengileg almenningi án hindrana, nema brýnar ástæður séu til annars. Skilgreindar verða skýrar viðmiðunarreglur um hvað teljast

gildar ástæður til hindrana með tilliti til persónuverndar, öryggissjónarmiða og annarra ríkari hagsmuna. Undantekningar skulu vera vel rökstuddar og skulu ekki hindra aðgang umfram nauðsyn. Við höfum einnig beitt okkur af alvöru fyrir gagnsæi launagreiðslna og flutt tillögur hjá Sambandi Ísl. Sveitarfélaga og í bæjarstjórn.

- Íbúahreyfingin hefur ekki viljað veita Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga samningsumboð án fyrirvara á grundvelli laga sem brjóta ákvæði stjórnarskrárinnar (t.d. Lög nr. 94/1986).

Þau skilyrði sem Íbúahreyfingin vill setja fyrir samningsumboð eru:

- Að ekki verði samið við stéttarfélög um áframhaldandi beinar greiðslur til þeirra sem ekki komi fram á launaseðli launafólks. Hér er átt við allar greiðslur hverju nafni sem þær nefnast.
- Að móttframlag í lífeyrissjóði verði eftirleiðis tilgreint á launaseðlum launafólks.
- Að Samband íslenskra sveitarfélaga virði 74. grein stjórnarskrár og semji við þau félög sem óska eftir samningum en þröngvi launafólki ekki til þess að tilheyra ákveðnu félagi.
- Að ekki sé samið við stéttarfélög þar sem lýðræði og gagnsæi gagnvart launafólki er ekki virt, enda geta stjórnir slíkra félaga vart talist fulltrúar umbjóðenda sinna.
- Auk þess leggur bæjarstjórn Mosfellsbæjar til að samninganefnd komi því inn í samninga að greiðslur í atvinnutryggingasjóð verði meðhöndlaðar á sama hátt og annar tekjuskattur á launþega á launaseðli launafólks í stað þess að fela skattheimtuna og gera launafólki ókleift að fylgjast með sköttum sínum, réttindum og öðrum greiðslum.

*Jón Jósef Bjarnason*

## Takið þátt!

Fyrir síðustu kosningar tók ég þátt í stofnun Íbúahreyfingarinnar þar sem mér fannst vera þörf á breytingum, en ég gat ekki hugsað mér að styðja neinn af fjórflokkunum. Ég íhugaði það lengi vel að bjóða mig fram, af því að ég vildi hafa áhrif á mitt umhverfi og hvernig hlutunum er hagað hér í bænum, þó að ég hafi hvorki reynslu af né miklar mætur á pólitísku þrasi. Á Íslandi virðast stjórnsmál nefnilega snúast um andstæðinga, fólk er stillt upp í minnihluta og meirihluta. Ef ég hefði boðið mig fram væri ég orðin andstæðingur fólks sem ég er sammála um margt en ósammála í öðru.

Eftir kosningasigur Íbúahreyfingarinnar, þar sem við fengum næstmesta fylgi allra framboða í Mosfellsbæ og einn mann inn í bæjarstjórn, var auglýst eftir fólki til að starfa í nefndum bæjarins og ákvað ég sækjast eftir að starfa í nefnd. Ég sótti um að vera fulltrúi Íbúahreyfingarinnar í byggingar- og skipulagsnefnd. Þar hef ég nú starfað í eitt ár og nokkra mánuði.

Starfið í nefndinni hefur hefur verið athyglisvert og ekki fæ ég séð að afstaða fólk þar fari eftir því hvort það tilheyrir minnihluta eða meirihluta. Yfirleitt eru nefndarmenn nokkuð sammála um málefnið og úrlausn þeirra. Þetta ætti svo sem ekki að koma á óvart þar sem sveitarstjórnarmál hafa yfirleitt lítið að gera með stefnuskrár landsmálaflokka.

En hvers vegna er ég að skrifa þetta? Jú vegna þess, að ég vil hvetja Mosfellinga til að taka þátt og hafa áhrif í bæjarfélaginu. Með þátttöku er hægt að breyta stjórnsmálunum. Líka gömlu flokkunum! Þátttaka getur til dæmis falist í mæta á hina ýmsu fundi sem haldnir eru bæði á vegum bæjarins og flokkanna sjálfra eða með ýmsum öðrum leiðum.

Í búsáaldabyltingunni var krafan um að nýtt fólk tæki við af atvinnupólitíkusum hávær. Það verður aldrei ef engin gefur sig fram.

Íbúahreyfingin er enn í mótun og þar er pláss fyrir þig og þínar skoðanir ef þú vilt vinna að gagnsærri og lýðræðislegri stjórnsýslu.

*Jóhannes Bjarni Eðvarðsson*



## Gagnsæi

Forsenda íbúalýðræðis er gagnsæi, Íbúahreyfingin vill vægðarlaust gagnsæi, þ.e. öll gögn eiga að vera opin og aðgengileg almenningi þar sem opinbert fé er notað nema persónuverndarlög hindri. Ekki á að vera hægt að bera við viðskiptaleynd þar sem sýslað er með opinbert fé. Leynd og ógagnsæi eru gróðrarstía spillingar.

Íbúahreyfingin leggur til að íbúar hafi greiðan aðgang að öllum gögnum sveitarfélagsins, stofnunum þess og fyrirtækjum sem það á hlut í eða á að öllu leyti. Einnig samtaka sem það er aðili að, nema sérstaklega sé kveðið á um annað s.s. vegna persónuverndarsjónarmiða og þá skal rökstuðningur fylgja. Til viðbótar lögðum við til að Mosfellsbær geri stofnunum, fyrirtækjum og samtökum sem tilheyra sveitarfélaginu eða sveitarfélagið er aðili að, ljóst að fyrsta skylda þess er við íbúa Mosfellsbæjar og að ofanrituð gagnsæiskrafa er ófrávikjanleg.

Hver er þín skoðun ?

Segðu þitt álit á <http://ibuahreyfingin.is/lydraedi>

## Eftirlit

Hver á að hafa eftirlit með framkvæmd gagnsæis og lýðræðis í Mosfellsbæ ?

Íbúahreyfingin telur að eftirlitið eigi að vera í höndum íbúanna, þeir einir geta dæmt um hvort hvort nægilegt gagnsæi ríki, hvort upplýsingarnar séu aðgengilegar og hvort lýðræðisstefnunni sé fylkt. Sami hópur, ætti að mati Íbúahreyfingarinnar að sjá um íbúakosningar.

Hver er þín skoðun?

Segðu þitt álit á <http://ibuahreyfingin.is/lydraedi>

**Útgefandi:** Íbúahreyfingin í Mosfellsbæ,  
Brattholt 2b, 270 Mosfellsbær

**Heimasíða:** [www.ibuahreyfingin.is](http://www.ibuahreyfingin.is)

**Netfang:** [ibuahreyfingin@ibuahreyfingin.is](mailto:ibuahreyfingin@ibuahreyfingin.is)

**Ábyrgðarmaður:** Jón Jósef Bjarnason, s. 8979858

**Ritstjóri:** Kristín I. Pálsdóttir, s. 8939327

**Umbrot og hönnun:** Marta E. Valgeirsdóttir

**Prentun:** Prentmet

**Dreifingaraðili:** Íslandspóstur

**Upplag:** 3.200

## Fjöldi bæjarfulltrúa

Ein leið til að efla lýðræði á sveitarstjórnarstigi er að fjölga bæjarfulltrúum. Við það eykst þátttaka íbúa í mótun nærumhverfisins og starf nefnda bæjarfélagsins styrkist.

Á Íslandi hafa sveitarstjórnir lengi verið fámennar þar sem meðalföldi bæjarfulltrúa er 6,6. Á öðrum Norðurlöndum eru fulltrúar að meðaltali mun fleiri, eða 25,7 í Danmörku og allt að 44 í Svíþjóð. Sveitarfélög á Norðurlöndum eru reyndar með fleiri verkefni á sinni könnu en á Íslandi en þessi sláandi munur skýrist þó ekki af því. Munurinn skýrist heldur ekki af íbúafjölda innan sveitafélaganna þar sem t.d. sveitarfélög með innan við 500 íbúa í Noregi eru með 11 - 15 bæjarfulltrúa.

Mosfellsbær er sjöunda stærsta sveitarfélagið á Íslandi og er með 7 bæjarfulltrúa og er Garðabær eina sveitarfélagið af svipaðri stærð með jafn fáa fulltrúa, eða leyfilegan lágmarksfjölda í sveitarfélagi af þessari stærð. Þegar íbúar Mosfellsbæjar verða 10.000 er skylt að fjölga bæjarfulltrúum í 11. Átta sveitarfélög með færri en 8.000 íbúa eru með 9 fulltrúa og eitt, Fljótsdalshérað, er með 11.

Sveitarfélögum á Íslandi hefur fækkað úr 124 í 76 frá árinu 1998. Samhliða þessari þróun hafa völdin færst á færri hendur. Árið 1998 voru kjörnir fulltrúar 756 en árið 2009 voru þeir komnir niður í 512 og hefur því fækkað um ríflega þriðjung á 11 árum.

Helstu rök fyrir því að halda sveitarstjórnnum fámennum eru þau að það sé of dýrt að vera með fjölmennar sveitarstjórnir. Sjálfri finnst mér þau rök léttvæg. Ef velja á stjórnarfar samkvæmt kostnaðaráætlun einni saman lægi beint við að einræði væri besta stjórnarformið.

Sú staðreynd að sveitarstjórnarstigið er sérstaklega viðkvæmt fyrir spillingu er góð ástæða fyrir því að fjölga bæjarfulltrúum. Fámennar sveitarstjórnir hjálpa fjórflokknum að einoka valdið og gera sjálfstæðum íbúaframboðum, og öðrum sem vilja hafa áhrif á samfélagið, án þátttöku í stjórn málaflökkum, erfiðara að komast til áhrifa. Þetta þýðir að sjónarmið færri íbúa eiga fulltrúa í stjórnkerfinu.

Nú eru konur um 40% kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum og væri spennandi að sjá hvaða áhrif fjölgun fulltrúa hefði á það hlutfall.

Lýðræðisnefnd Mosfellsbæjar er nú að skila af sér tillögum. Þrátt fyrir að fjölgun fulltrúa í bæjarstjórn sé augljóslega kjörin leið til að efla lýðræðið, hefur ekki verið látið svo lítið að ræða það á fundum nefndarinnar, þrátt fyrir óskir fulltrúa Íbúahreyfingarinnar.

Flest mál sem sveitarstjórnir fjalla um eru í sjálfu sér ekki flokkspólitísk og fæst þeirra hafa snertifleti við stefnuskrár landsmálaflökka. Í Mosfellsbæ tíðkast að stjórnarmeirihlutinn virði skoðanir minnihlutans að vettugi og loki á gagnrýna umræðu. Lýðræðið byggist á skoðanaskiptum um þau mikilvægu málefni sem til umfjöllunar eru hverju sinni og því fleiri sjónarmið sem koma fram, því betra því stjórnarsýslan á að sinna öllum íbúum.

Til að svo megi verða þarf að fjölga fulltrúum.

*Kristín I. Pálsdóttir*